

83. gr. a. nefndra laga. Hins vegar bæri að telja skuld búans til verslunar P. A. Ólafssonar Geirseeyri, fallandi undir fyrirmæli 87. gr. sömu laga, ef veðsetningin ekki hefði mætt andmælum, og verið vjefengd, sem lögum gagnstæð, það ber því að rannsaka, að hve miklu leyti þau andmæli hafa við rök að styðjast, og þar sem um gjaldþrot er að ræða, verður í þessu efni, að leggja til grundvallar, fyrirmæli þeirra laga, að svo miklu leyti, sem við verður komið. 23. gr. laga 13. apríl 1894 mælir svo fyrir: „Veðskuldbindingar þær, er skuldunautur hefir gengist undir á tíma-bili því, er ræðir um í 22. gr. til tryggingar kröfum á hendur honum, sem ekki eru til orðnar á sama tíma eru ógildar, að því er húið snertir“. Með vottorði póstafræiðslumannsins, framlögðu skjali nr. 1, er viðurkennt að skuld sú, sem veðsett er útaf, hefir öll verið mynduð fyrir áramót 1921, svo ekki er hjer að ræða um skuld, er orðið hefir til á sama tíma og veðskuldin, og þar sem 24. gr. sömu laga talar um, að sá er skifti við skuldunaut, hrindi grun þeim, sem álíta má, að á honum hvili um það, að honum hafi verið kunnugt um þrot skuldunauts, getur ekki orðið fallist á, að einhliða yfirlýsing skuldunauts í þessu efni, sje nægileg, heldur sje hjer átt við lögfulla sönnun, eða atvik, sem gjöra þetta sennilegt, en ekkert slíkt liggur hjer fyrir. Eftir þessum úrslitum, og viðurkenningu um raunverulega dagsetning skuldabryjfs fyrverandi póstafræiðslumanns Guðm. Þorsteinssonar til verslunar P. A. Ólafssonar Geirseeyri fyrir 5223 kr. 05 aura skuld, verður að fallast á, að gagnvart þrotabúinu hafi það mist gildi sitt, og verði því ekki tekið til greina við úthlutun úr því, en póststjórninni greidd sú upphæð, samkvæmt ákvæðum 83. gr. skiftalaganna fyrir því.

=====
Miðvikudaginn 25. febr. 1925.

Nr. 17/1924.

Sveinn Árnason (B. P. Kalman)
gegn

Guðfinni Jónssyni (Enginn).

Útaf greiðslu kostnaðar við viðgerð á mótorbát.

Dómur aukarjettar Seyðisfjarðarkaupstaðar
9. ág. 1923: Stefnda, Sveini Árnasyni, Seyðisfirði, ber að greiða

stefnandanum Guðfinni Jónssyni Seyðisfirði, kr. 684,28 ásamt 6 % ársvöxtum af upphæð þessari frá 14. febrúar 1923 til greiðsludags. Ennfremur greiði stefndi stefnandanum 28 krónur í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Þegar mál þetta, sem skotið hefir verið til hæstarjettar með stefnu útgefinni 19. apríl f. á. að fengnu áfrýjunarleyfi dagsettu 25 mars f. á, skyldi flutt í hæstarjetti mætti enginn af hálfu stefnda. Hefir málið því verið rekið samkvæmt 1. lið 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna og er það dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Það er in confesso í málinu, að áfrýjandi samdi við stefnda um viðgerðina á v/b. Regin fyrir hönd váttryggjanda skipsins og hefir það ekki verið vefengt að hann hafi haft umboð váttryggjanda. Af þessum ástæðum og með því að það eigi er sannað, að áfrýjandi hafi með nokkrum hætti bakað sjer persónulega ábyrgð á kröfu stefnda útaf viðgerðinni á bátnum, verður samkvæmt kröfu hans að sýkna hann af kröfum stefnda í máli þessu. Eftir atvikum þykir málskostnaður í hjeraði eiga að falla niður en stefndur greiði áfrýjanda málskostnað í hæstarjetti með 100 krónum.

Það er aðfinsluvert, að hjeraðsdómarinn hefir haft málið undir dómi í 12 vikur og er sá dráttur eigi nægilega rjettlættur. Ennfremur athugast, að dómariinn hefir stimplað dómsgjörðirnar með 50 auru merki, en þó tekið borgun fyrir tveggja króna merki, svo sem og var rjett.

Þvi dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Sveinn Árnason, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Guðfinns Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í hjeraði falli niður en málskostnað í hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda með 100 krónum að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjanda dóms hljóða svo:

Mál þetta er þannig vaxið að í ársbyrjun 1920 framkvæmdi stefndi í máli þessu Guðfinnur Jónsson, skipasmiður á Seyðisfirði, viðgerð á mótorbátnum „Regin“, samkvæmt beiðni stefnda í málinu Sveins Árnasonar, umboðsmanns Samábyrgðar Íslands á Seyðisfirði. Þegar viðgerð bátsins var lokið, gaf stefnandi reikning yfir kostnaðinn, að upphæð 1584,28. Þar af hefir hann fengið greiddar kr. 900,00, en afganginn kr. 684,28 hefir hann ekki fengið greiddar og hefir því höfðað þetta mál og gjörir þær kröfur, að stefndi greiði kr. 684,28 ásamt 6% ársvöxtum af upphæð þessari frá 1. mars 1920 til borgunardags, svo og málskostnað eftir mati dómaraans. — Stefndi heldur því hinsvegar fram í málinu, að greiðsla á eftirstöðvum reikningsins komi sjer ekkert við, heldur eigi stefnandi að sækja upphæðina í hendur Samábyrgðar Íslands í Reykjavík. Gjörir stefndi því þær kröfur: Fyrst og fremst, að máli þessu sje vísað frá dómi, þar eð það eigi sje höfðað gegn rjettum aðila. Til vara að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða kostnað af máli þessu.

Samkvæmt málskjölunum er það tvímælalaust, að stefndi hafi samið við stefnanda um viðgerð á bátnum. Það virðist og að stefndi hafi samið um þetta í *eigin nafni*, þótt hann hafi ætlast til að Samábyrgð Íslands borgaði það, að meira eða minna leyti, og þótt hann hafi haft heimild til að semja um þetta frá Samábyrgðinni, sem engin fullnægjandi sönnun liggur fyrir í málskjölunum. Að minsta kosti hefir stefndi gefið stefnanda *fylstu ástæðu* til að ætla, að stefndi væri samningsaðilinn, þegar samningar um viðgerð bátsins fóru fram og stefnandi unnið verkið í *trausti þess* að stefndi væri rjetti samningsaðili, þótt stefndi ætlaðist til að verkið væri greitt af Samábyrgðinni og öðrum..

Það verður því að álitast, að stefndi sje rjetti málsaðilinn við samninga þessa, sem hann virðist gera í eigin nafni, þótt fyrir annara reikning sje, og sje því skuldbundinn til að fullnægja samningnum með því að sjá um greiðslu á reikningnum yfir viðgerðarkostnaðinn. — Þessu til stuðnings víasast til Jul. Lassen: Obligationsretten alm. Del. § 23. IV. (Naar en Person ifølge en andens Bemyndigelse optræder for dennes Regning men i eget Navn forpligtes han selv).

Samkvæmt framanrituðu virðist því ekki vera hægt að taka kröfu stefnda til greina um að máli þessu sje vísað frá dómi nje aðrar kröfur hans.

Aftur á móti virðist bera að taka kröfur stefnanda til greina þannig, að stefnda beri að greiða stefnanda eftirstöðvar umgetins reiknings kr. 684,28 ásamt 6% ársvöxtum af upphæð þessari frá stefnubirtingardegi 14. febrúar 1923 til borgunardags.

Eftir atvikum og úrslitum málsins þykir rjett að stefndi greiði stefnanda 28 krónur í málskostnað.

Þess skal getið, að dómaramum hefir ekki verið fært að kveða upp dóm þennan fyr vegna manntalsþingafærða og annara embættisanna, sem ekki mátti fresta.

Föstudaginn 27. febr. 1925.

Nr. 53/1924.

Gísli Gíslason
gegn
Sigurði Jónssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gísli Gíslason Skólavörðustíg 12, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.¹⁾

¹⁾ S. d. uppkveðinn samhljóða dómur í máli sömu aðila nr. 54/1924.
